



Starfsskýrsla Æskulýðsnefndar Fáks 2018 - 2019



Inngangur

Í hestamannafélaginu Fáki eru krakkar á öllum aldri og á öllum stigum hestamennskunnar. Æskulýðsnefndin reyndi því að bjóða uppá dagskrá þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi en einnig benda á viðburði sem gaman er að fara á. Æskulýðsstarfið í Fáki starfsárið 2018-2019 var skemmtilegt og viðburðaríkt.

Æskulýðsnefnd Fáks var skipuð eftirfarandi:

Ásbjörn Arnarsson

Ástvaldur Sigurðsson

Guðrún Valdimarsdóttir

Gunnhildur Sveinbjarnardóttir

Málfríður Hildur Bjarnadóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Þórunn Eggertsdóttir, formaður

Viðburðir

Ýmsir viðburðir voru á dagskrá þennan veturinn og verða nokkrir taldir upp:

Sameiginlegt jólaball með hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu var haldið í Sörla þann 5.janúar. Við teljum mikilvægt að vinna vel með okkar nágrönnum okkar og er jólaballið frábært samvinnuverkefni þar sem hestamannafélögin skiptast á að halda jólaball fyrir félögin.

Uppskeruhátíð Fáks

Uppskeruhátíð Fáks var haldin 6. janúar og heppnaðist vel. Hátíðin var sameiginleg fyrir börn og fullorðna að þessu sinni. Gestir fengu fjölbreyttar kynningar, Jóna Dís Bragadóttir hélt kynningu á Meistaradeild Æskunnar, Ingibjörg Guðmundsdóttir sagði okkur frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum og síðan fóru Karen Woodrow og Sif Jónsdóttir yfir það starf sem þær eru að vinna með í Kjarnakonum og í félagshesthúsinu.



Afreksfólk félagsins var heiðrað og að venju fengu strákur og stúlka í hverjum flokki verðlaun fyrir besta keppnisárangur ársins 2017-2018.

Íþróttamenn Fáks 2018 í barnaflokki voru Selma Leifsdóttir og Ragnar Snær Viðarsson, í unglingaflokki voru það Ylfa Guðrún Svafarsdóttir og Arnar Máni Sigurjónsson og í ungmennaflokki voru það Jóhanna Guðmundsdóttir og Arnór Dan Kristinsson.

Öll börn og unglingar sem mættu á uppskeruhátíðina fengu viðurkenningarskjal þar sem Hestamannafélagið Fákur þakkaði þeim fyrir þátttökuna í starfi Fáks og hvatningarorð til áframhaldandi ástundunar í hestamennsku. Það voru stoltir krakkar sem tóku við viðurkenningarskjali sínu úr hendi formanns Fáks, Hjartar Bergstað.



Líflandsmót æskulýðsdeildar Fáks 2019.

Líflandsmótið hefur verið einn af stóru viðburðum æskulýðsnefndar Fáks og var að þessu sinni haldið sunnudaginn 14. apríl. Knapar voru einbeittir, stundvísir og sýndu fallegar sýningar.

Lífland er sterkur bakhjarl mótsins og gaf öll verðlaun. Þökkum við Líflandi fyrir nú sem áður fyrr. Mikill metnaður var lagður í mótið, umgjörðin falleg og völlurinn skreyttur með blómum. Líflandsmótið er skemmtilegt mót sem æskulýðsnefnd Fáks er stolt af að halda og var þetta 23. árið í röð.





Æskan og hesturinn 2019

Hin árlega sýning Æskan og hesturinn var haldin laugardaginn 4. maí í TM reiðhöllinni í Víðidal og voru þær tvær að venju. Eins og síðustu ár var sýningin glæsileg og öll atriði fagmannlega unnin. Þar komu fram margir ungir hestamenn og sýndu afrakstur vetrarstarfsins og óhætt að segja að sýningin sé hápunktur vetrarins hjá mörgum af

hinum ungu knöpum. Margir Fákskrakkar á öllum aldri tóku þátt í ýmsum atriðum.


Æskulýðsnefnd Fáks kom að þessum viðburði með skipuleggjendum sýningarinnar og öðrum æskulýðsnefndum.

Námskeið

Ýmis námskeið eru haldin í Fáki og taka börn, unglingar og ungmenni þátt í þeim sem og fullorðnir. Einnig sækja margir einkatíma hjá reiðkennurum, námskeið og fyrirlestra í öðrum félögum. Okkar nágrannar, hestamannafélögin á Höfuðborgarsvæðinu eru að gera frábæra hluti og er gaman að hafa val og sótt ýmis fjölbreytt námskeið hingað og þangað. Það er nauðsynlegt að við að sér eins mikilli færni og þekkingu og hægt er.

Yngstu knaparnir

Námskeið fyrir yngstu knapana eða pollana okkar var haldið þennan veturinn líkt og síðustu ár. Þórdís Anna Gylfadóttir hafði umsjón með námskeiðinu sem var vikulega á sunnudagsmorgnum. Námskeiðið hófst í febrúar og lauk í apríl.





Þetta námskeið var ætlað börnum á aldrinum 5-10 ára og var lagt upp með að börnin næðu færni til að stjórna sínum hesti í gegnum fjölbreyttar æfingar inni í reiðhöll. Það var skemmtilegt að sjá hvernig Þórdís Anna náði að halda athygli krakkana með skemmtilegum leikjum. Reiðkennslan var mikil í þessum skemmtilegu tímum og fléttaði Þórdís saman jafnvægisæfingar, sætisæfingar og stjórnun. Flottur hópur af framtíðarknöpum.

Keppnisnámskeið

Börn og unglingar í Fáki hafa mörg hver mikinn áhuga á keppni. Í keppni gilda aðrar reglur en við almennar útreiðar og undirbúningur fyrir keppni er nauðsynlegur fyrir þá sem vilja taka þátt.

Við vorum svo heppin að fá Vigdís Matthíasdóttur aftur til okkar en hún hélt 2 helgarnámskeið veturinn 2017-2018. Vigdís er uppalin í Fáki og býr nú í Svíþjóð ásamt fjölskyldu. Hún hefur glæstan keppnisferil að baki sér í lagi í barna og unglingaflokkum og vann lengi vel í Reiðskóla Reykjavíkur.

Vigdís hélt frábært helgarnámskeið í mars. Námskeiðið var lagt upp sem keppnisnámskeið, en auðvitað opið öllum og fékk hver nemandi einkatíma á laugardegi og sunnudegi. Einnig fylgdust þau með hvort öðru. Mikil ánægja var með þetta námskeið og nær Vigdís einstaklega vel að útskýra fyrir krökkum og leiðbeina þeim.





Reiðfiminámskeið

Það er ekki lengi verið að fylla námskeið þar sem í auglýsingunni stóð; fyrir þá sem hafa gaman af þrautum, hindrunarstökki, að hleypa og stuði á hestbaki. Við fengum þær stöllur Fríðu Hansen og Elise Englund Berge að hafa reiðfiminámskeið fyrir vana og vel reiðfæra krakka á aldrinum 9-13 ára. Námskeiðið var haldið vikulega í apríl og stóð fram í maí. Það samanstóð af 1 bóklegum tíma, 5 verklegum tímum og lauk á glæsilegu sýningaratriði á sýningunni Æskan og hesturinn. Í tímunum voru ýmsar hestaíþróttir kynntar og krakkarnir fengu að æfa sig og leika sér á hestbaki sem eflir þekkingu, reiðfærni, kjark og gleði. Settar voru upp þrautabrautir og farið í boðhlaup, eltingaleiki, fótbolta og hindrunarstökk svo eitthvað sé nefnt.

Fríða og Elise náðu með einstökum hætti að kenna hverjum og einum mikla stjórnun og ásetu í tímunum. Suma tímana var eins og þakið á Reiðhöllinni í Víðidal myndi rifna af, lætin, hláturinn, æsingurinn og stemningin var svo mikil. Hópurinn sýndi svo skemmtilegt atriði á Æskan og hesturinn sem var boðhlaup milli tveggja liða þar sem þau þurftu að gera ýmsar æfingar á hestum sínum.



Fákar og fjör

Hestaíþróttaklúbbur sem gengur undir nafninu Fákar og fjör hefur verið starfræktur í Fáki í 6 ár. Stofnendur og umsjónarmenn klúbbsins eru Sif Jónsdóttir og Karen Woodrow, en þær eru báðar menntaðir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum, og eiga þær mikið hrós fyrir dugnað og góða umsjón þessa klúbbs.



Aðalmarkmið klúbbsins er að gera börnum og unglingum í Fáki kleift að stunda hestamennsku allt árið undir handleiðslu þjálfara líkt og aðrar íþróttir bjóða uppá. Þannig má auka færni, þekkingu og félagsleg tengsl barna og unglinga innan hestamannafélagsins Fáks.

Mikil þátttaka er í hestaíþróttaklúbbnum hvort sem það eru börn eða unglingar sem hafa aðgang að sínum eigin hesti eða nýliðar sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku. Á haustönn hafa krakkarnir hesta sína í félagshesthúsi Fáks og taka þátt í allri umhirðu og fóðrun. Á vorönn eru þau ýmist í félagshesthúsinu eða sínu eigin. Þau sækja fjölbreyttar æfingar að jafnaði 3 sinnum í viku og geta þreytt próf í knapamerkjum á tímabilinu. Kennsla fer fram með ýmsu móti, t.d. verklegir eða bóklegir tímar, reiðtúrar, sýnikennsla, vettvangsferðir og önnur afþreying. Mikil áhersla er lögð á að hver nemandi fái kennslu við hæfi sem hentar getustigi og áhugasviði hvers og eins.

Krakkarnir mæta samviskusamlega upp í hesthús á hverjum degi og bera ábyrgð á því að sinna þeim verkum sem fylgja því að eiga/sjá um hesta. Þau sjá því sjálf um að setja út, vigta hey, raka til í stíum, bera undir, beita hestunum þegar það er hægt og ekki síst rækta vinskapa við hestinn sinn. Á þann hátt öðlast krakkarnir sjálfstæði í vinnubrögðum og ekki síst skemmtilega upplifun þar sem þau fá tækifæri til að njóta hestamenskunnar með vinum sínum í sama hesthúsi.

Fákar og fjör er skemmtilegur hestaíþróttaklúbbur sem hefur gefið mörgum tækifæri í hestamennsku og möguleika sem héldu að það væri draumur sem myndi aldrei rætast. Fyrir áhorfanda eru þessir duglegu krakkar alltaf í hesthúsinu, ríða út í öllum veðrum, ein eða með öðrum félögum, og sinna hestum sínum mjög vel. Glæsileg vinna og nauðsynleg fyrir nýliðun félagsins.





Ýmis mót og sýningar

Á félagssvæðinu voru haldin ýmis mót sem pollar, börn og unglingar í Fáki gátu tekið þátt í. Pollaflokkurinn, teymdir og ríðandi, var í boði á nánast öllum mótum sem haldin voru. Vetrarleikar voru á sínum stað í dagskrá Fáks og Firmakeppnin var haldin hátíðlega á sumardaginn fyrsta. Meistaradeild Líflands og æskunnar var skemmtileg liðakeppni sem var haldin í TM Reiðhöllinni og mættu margir í stúkuna og horfðu áhugasamir á faglegar sýningar.



Í boði voru mörg önnur mót á Fákssvæðinu t.d. T-7 töltmót Fáks, Fótaburðamót, Gæðingamót Fáks, Reykjavíkurmestaramótið sem var það stærsta til þessa og Íslandsmótið.

Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni héldu sameiginlega glæsilegt Íslandsmót barna og fullorðinna 2019 á félagssvæði Fáks. Mótið var stórt og hestakostur eins og best verður á kosið. Krakkarnir í Fáki stóðu sig mjög vel og röðuðu sér í mörg úrslit. Einnig eignuðumst við nokkra Íslandsmeistara:

Arnar Máni Sigurjónsson Íslandsmeistari í Gæðingaskeiði unglinga.

Benjamín Sandur Ingólfsson í Fimmgangi ungmenna og Gæðingaskeiði ungmenna.

Hákon Dan Ólafsson Íslandsmeistari í Fjórgangi ungmenna og Tölt T2 ungmenna.

Sigrún Helga Halldórsdóttir í Tölt T4 barna.



Fáksungmennni á Heimsmeistaramóti í Berlín 2019

Á Heimsmeistaramótinu í sumar 2019, áttum við Fákur 3 ungmennti, Benjamín Sand Ingólfsson, Hákon Dan Ólafsson og Ylfu Guðrúnu Svafarsdóttur.

Benjamín Sandur tryggði sér gullverðlaun og þar með heimsmeistaratitil í Gæðingaskeiði ungmenna.

Hákon Dan endaði 3.-5. sæti í fjórgangi ungmenna.

Við erum stolt af þessum glæsilegu ungmennum og óskum þeim til hamingju.





Lokaorð og þakkir

Þegar ég fer yfir vetrarstarf æskulýðsdeildar Fáks þá er efst í huga mér þakklæti. Við erum þakklát öllum þeim sem hafa hjálpað okkur að gera viðburðina, mót og námskeið að veruleika hvort sem það er í formi gjafa eða vinnuframlags. Börn og unglingar sem stunda hestamennsku í Fáki er stór og breiður hópur frá 3 ára upp í ungmenni. Þau eru á öllum stigum hestamennskunnar og þarf starf æskulýðsdeildar að ná til allra með fjölbreyttu starfi. Því tel ég mikilvægt að nágranna hestamannafélögin vinni saman. Það bæði auðveldar og styrkir starf deildanna. Hvort sem það er mótshald, námskeið, fyrirlestra eða aðra viðburði.

Ég er stolt af hestasamfélaginu okkar. Við bjóðum nýtt fólk velkomið í hestaíþróttina og aldrei skortir hjálpsemi. Reiðkennarar á svæðinu og þeir sem hafa mikla reynslu á bakinu, eru duglegir að hjálpa, leiðbeina, svara spurningum hér og þar og stoppa hjá þeim sem eiga í erfiðleikum og bjóða fram aðstoð. Þó að hver og einn sé einstaklingur sem þjálfar sinn hest, erum við samt sem áður eitt stórt lið.

Við kveðjum skemmtilegt vetrarstarf 2019 og hlökkum til ársins 2020 með þessum glæsilegu krökkum sem eru í Fáki. Það verður án efa skemmtilegt og fjölbreytt.

F.h. Æskulýðsnefndar Fáks

Þórunn Eggertsdóttir

